

Fundargerð skólaráðs 15. 05. 2013 kl. 8:05

Á fundinn mættu Elsa Kristín Kay Frandsen og Sindri Benedikt Gíslason fulltrúar nemenda, Jens Guðjón Einarsson og Hannes Birgir Hjálmarsson fulltrúar kennara, Anna Hlökkversdóttir fulltrúi almennra starfsmanna og Svava Bogadóttir skólastjóri. Fulltrúa foreldra vantaði á fundinn.

- Skóladagatal 2013-2014
 - o Svava kynnti skóladagatal 2013-2014 og spunnust umræður í kjölfarið.
 - Þemadagar verða í byrjun október og kynnti Svava UNICEF verkefni sem gæti hentað þar.
 - Leita eftir hugmyndum frá nemendum á hverju stigi varðandi verkefni í jólaferið í byrjun desember. Þarf að auglýsa tímanlega ekki síðar en miðjan nóvember.
 - Spurning hvort einnig mætti setja á einhverskonar þemadaga í febrúar.
- Skólalóðin
 - o Vinna á í skólalóðinni í sumar og verða hugmyndir fengnar frá nemendum að einhverju leyti notað til grundvallar.
 - o Nokkrar hugmyndir komu fram á fundinum:
 - Lægri körfuboltakörfur fyrir yngri nemendur,
 - Fjögur lægri mörk á langhliðar fótboltavallarins,
 - Merking fyrir brennóvelli á malbikið,
 - Svava kynnti “útivelli” hannaða og byggða af Sage þar sem endurnýtt er efni t.d. rekaviður og afgangstímbur. Þar mætti einnig nýta krafta nemenda og foreldra til að lækka kostnað.
- Framkvæmdir innanhúss
 - o N2 stofan hefur verið tekin í notkun, er á miðstigsgangi.
 - o Von er á stórum fyrsta bekk og þarf hugsanlega að breyta stofuskipan, m.a. kannski að færa tölvuver til.
 - o Elsa nefndi hvort möguleiki væri á að fá nemendaskápa á unglíngagang til að geyma bækur sem ekki væru í notkun. Svava nefndi að hugsanlega mætti nýta skápa úr kennarastofu sem væntanlega yrðu teknir í sumar.
- Grænfáni
 - o Stefnir er á að skólinn fái Grænfánann í haust.
 - o Elsa nefndi að bæta þyrfti aðstöðu til að skola drykkjarfernur í matsalnum ekki væri auðveld aðkoma að vaski. Rætt um að nota vask á klósettunum á unglíngagangi til að skola fernur og þá yrði ruslatunna þar til að setja fernur í.
- Valgreinar á unglíngastigi
 - o Búið er að fjölga valmöguleikum og voru valgreinar ræddar
- Viðhorfskannanir
 - o Niðurstöður úr Skólavog og Skólapulsi komnar og verða kynntar síðar.
- Samkensla

- Fimmti og sjötti bekkur verða hugsanlega í samkenndu á næsta skólaári. Búið er að skoða samkenndu í öðrum skólum. Jafningjafræðsla kemur sterkt inn þar.
- Starfsmannamál
 - Þrír kennarar, Íris Andrésdóttir, Gísli Lúðvík Kjartansson og Áslaug Reynisdóttir láta af störfum í sumar. Stöður þeirra verða auglýstar fljótlega.
- Önnur mál
 - Sindri nefndi hvort möguleiki væri á að hafa meira val í hádegismat t.d. einskonar hlaðborð þar sem hægt væri að velja úr kjötrétti, fiskrétti eða súpu. Svava nefndi að þetta gæti reynst erfitt vegna kostnaðar en allir voru sammála um að þessi hugmynd væri góð.
- Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 09.35
- Fundargerð ritaði Hannes Birgir Hjálmarsson.